

## Umsögn HER um hljóðmælingar á skautasvelli á Ingólfstorgi


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur veitt starfsleyfi fyrir skautasvelli á Ingólfstorgi frá 2016. Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist kvartanir vegna starfseminnar flest ár og hafa starfsleyfisskilyrði fyrir starfseminna verið endurskoðuð á hverju ári og hafa skilyrðin orðið bæði ítarlegri og strangari með árunum. Heilbrigðiseftirlitið hefur framkvæmt hljóðmælingar á meðan starfsemin hefur staðið yfir bæði með punktmælingum sem og með síritandi hljóðmælum sem hafa mælt allan starfstíma svellsins. Síritandi hljóðmælar voru settir upp árin frá 2019-2022 og hafa þeir reynst vel við vöktun á hávaða. Ekki náðist að hafa síritandi mæli á svellinu árið 2023 vegna bilana í búnaði. Fyrir opnun svellsins hefur verið úttekt á svellinu og rætt við forsvarsmenn um fyrirkomulag og verklag við svellið m.a. um hávaðamál og að tónlist skuli vera lágstemmd. Ekki eru til viðmið fyrir lágstemmda tónlist skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða en hins vegar kemur fram, í töflu III, viðmið fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.

| Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi. |                             |      |             |      |             |      |
|--|-----------------------------|------|-------------|------|-------------|------|
| Tegund húsnæðis                                    | Mörk fyrir atvinnustarfsemi |      |             |      |             |      |
|  | LAeq(07-19)                 |      | LAeq(19-23) |      | LAeq(23-07) |      |
|  | Við húsvegg                 | Inni | Við húsvegg | Inni | Við húsvegg | Inni |
| Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum                       | 50                          | 30   | 45          | 30   | 40          | 25   |


Til að hljóðstig á skautasvellinu sé undir þessum viðmiðunarmörkum upp við húsvegg næstu íbúðarhúsa hefur verið miðað við að klukkutíma jafngildishljóðstig (LAeq60) á svellinu fari ekki yfir 80 dB. Eins og sést af ofangreindri töflu þá eru strangari kröfur eftir kl 23 og hefur starfstími svellsins verið takmarkaður til kl 22 alla daga fyrir utan Þorláksmessu en þá hefur starfsemi verið heimil til 23. Þar sem um er að ræða langan starfstíma á hverju ári hefur heilbrigðiseftirlitið lagt áherslu á það við rekstraraðila að sérstök aðgát sé höfð á hljóðstigi.

### Niðurstöður hljóðmælinga 2019-2022


2019




2020



2021



2022



Niðurstöður hljóðmælinga heilbrigðiseftirlitsins hafa sýnt fram á að hljóðstig hefur almennt verið lágstemmt á svellinu en einhver tilvik hafa þó komið upp þar sem hljóðstig var yfir viðmiðunarmörkum og var þá rætt við umsjónarmenn svellsins og var hljóðstig lækkað í kjölfar þess. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur leggst því ekki gegn frekari starfsemi á Ingólfstorgi en mun áfram leggja áherslu á að þeir viðburðir og hátíðir sem þar verða, sérstaklega viðburðir sem standa yfir í lengri tíma, hafi lágstemmda tónlist til að lágmarka ónæði fyrir nálæga byggð.